
HÍ
RÁÐSTEFNA NÁMSBRAUTAR Í TÓMSTUNDAFRÆÐI
MIKILVÆGIR AÐRIR Í LÍFI FÓLKS - 25 ÁRA AFMÆLI NÁMSLEIÐAR
27. mars
Kl. 09.30 - 14.30
SAGA, Stofa S-114
VERIÐ ÖLL VELKOMIN

Tómstundadagurinn
2026

**„LÖGBUNDIN LEYNIÞJÓNUSTA“ FRÍSTUNDAHEIMILIN Á ÍSLANDI, OPINBER SÝNILEIKI OG ÓSÝNILEIKI**



**Steingerður Kristjánsdóttir**
Aðjúnkt

**Föstudaginn 27. mars**
**Klukkan 9.30 - 14.30**

**Sögu - Menntavísindasviði Háskóla Íslands**

# Lögbundin „leyni þjónusta“

# Tómstundadagurinn 2026

Steingerður Kristjánsdóttir

TÓMSTUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐI

## Félags- og tilfinningafærni í frístundastarfi

Nám í félags- og tilfinningafærni fer fram í óformlegum aðstæðum og er mikilvægur þáttur í starfsemi frístundaheimila (Bäcklin og Jonson 2022)

Frístundaheimilið staðsetur sig einhversstaðar á milli formlegs og óformlegs náms þar sem nám í félags- og tilfinningafærni á sér stað (Bondeson og Danielsson 2020)

Leikur sem felur í sér virka þátttöku, samvinnu og lausnamiðaða hugsun styður  bæði vitsmunaþroska og félags- og tilfinningafærni barna (Zohs o.fl, 2017)

# Lög um grunnskóla 76/2016

- Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. **Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.**
- Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga**, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks** (*Lög um grunnskóla nr. 76/2016.*, e.d.).


Dansk | English

Leitarorð

ALÞINGI

Þingfundir og mál Þingmenn Nefndir Alþjóðastarf Lagasafn Ályktanir Alþingis Um Alþingi

Forsíða › Lagasafn › Lög


■ **[33. gr. a.** *Frístundaheimili.*

□ Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

□ Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

□ Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

□ Ráðuneytið gefur út, [1)] að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

□ Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

□ Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.] [2)]










HÍ

**HLUTVERK FRÍSTUNDAHEIMILA**

Meginhlutverk frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

# Stússið

Samband íslenskra sveitarfélaga

› Sveitarfélög

**Sveitarfélög**

Á landinu eru 62 sveitarfélög og ég heimsótti heimasíður hjá 41 sveitarfélagi

Fjölmennasta sveitarfélagið var með um 22.000 íbúa og fámennasta sveitarfélagið með um 219 íbúa

Á landinu eru 174 grunnskólar og ég skoðaði 71 þeirra

Undanskilin voru stærstu sveitarfélögin s.s. Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur.

## Meira um tölur

Af 71 heimasíðu fann ég **markmið með starfinu hjá 33 skólum**

**Hjá 3 skólum var talað um viðfangsefni**

Grunnupplýsingar hjá 64 skólum

**Engar upplýsingar hjá 7 skólum**



# Heimasíður grunnskólanna



# Hvað skal barnið heita?

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frístund | Frístundaheimili | Dægradvöl | Skjól |
| Frístundaskólinn | Skólaskjól | Skóladagheimili | Dagskóli |
| Skólavistun | Skólasel | Frístundasel | Lengd viðvera |
| | Frístundavistun | Heilsdagsskóli | |

# Hinu ýmsu birtingarmyndir

„Frístund er órjúfanlegur hluti af heildarstarfi xxx skóla og litið er á starfið í xxx sem mikilvægan hluta af uppeldisstarfi skólans“

„Starfsemi skóladagheimilisins byggist að öllu leyti á þeirri uppeldislegu stefnu sem skólinn hefur sett sér“ (grunnskóli út á landi í 1900 manna sveitarfélagi)

Starfskrá frístundaheimilis (Sveitarfélag með 575 íbúa!)

Foreldrahandbók (tveir skólar)



# Markmið

„Að veita börnunum öruggt, skemmtilegt og umhyggjusamt umhverfi utan hefðbundins skólatíma. • Frjáls leikur • Útivist • Sköpun „

„Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins".

„Markmið starfsins er að sameina uppeldi og menntun við hæfi, að þeim líði vel og fái notið sín í frjálsum leik, þar sem sá tími sem þau dvelja er í raun frítími þeirra“

„Í frístund leitumst við við að tryggja börnunum fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni“

„Helstu áherslur í starfinu eru öryggi, útivist, hreyfing, fjölbreytni, tómstundir, íþróttir og vellíðan“

„Viðfangsefni barna í frístund eru sérstaklega tengd list- og verkgreinum, útivist og hreyfingu, ásamt góðri tengingu við nám og viðfangsefni þeirra í skólanum“

# Og svo þetta:

- „Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá eiga elstu bekkir grunnskóla að vera 37 kennslustundir í skólanum á viku hverri. Yngstu bekkirnir eiga hins vegar einungis að vera 30 stundir. Til að gæta hagkvæmni í skólaakstrinum er gripið til þess ráðs að fylla upp í þennan mismun með því að yngri nemendur fara í „Frístund“. Í Frístundinni gera börnin ýmis gagnleg verkefni og leika sér. Frístundin fer fram bæði úti og inni“

- „Gæsla til skólaloka er úrræði fyrir nemendur sem eru með færri vikustundir en 37 á viku og þurfa að bíða eftir skólabíl eftir að tímasókn þeirra lýkur“

- „Frístund er í boði fyrir börn í 1. – 4. bekk. Henni er ætlað það hlutverk að vera öruggur samastaður fyrir börnin. Þar geta þau dvalið að loknum skóladegi við ýmis verkefni, s.s. leiki, listir og útiveru. **Reynt er að efla vináttu meðal barnanna** og þau hvött til að koma með hugmyndir að því starfi sem fram fer í Frístund“



# Samantekt

